

Breytingin felst í að gæsluvöllur við Norðurvang er lagður niður og gert er ráð fyrir möguleika á stækkun leikskólans Norðurbergs.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. desember 1999.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skeiðahreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurlands eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð flokkaðs úrgangs.

3. gr.

Sérhverjum húsráðenda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Flokkuðum úrgangi skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynna íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti ár hvert og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6. gr.

Íbúar og rekstraraðilar skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir myndun úrgangs og koma endurnýtanlegum úrgangi til endurnýtingar.

II. KAFLI
Sorphreinsunargjöld.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við skrifstofu/fulltrúa sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. desember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

A. Sorpeyðing:

Íbúðarhús	kr. 5.000 á ári
Atvinnurekstur, bújarðir og fl.	kr. 8.000 á ári
Sumarhús	kr. 3.000 á ári

Stærri atvinnurekstur - sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun:

Flokkur A:	kr. 10.000 á ári
Flokkur B:	kr. 20.000 á ári
Flokkur C:	kr. 30.000 á ári